

108
28. des.

Þess fyrir þessar vörur sönnuð með læknisvottorði og meðmælum heilbrigðisstjórnarinnar.

- x. Að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld af lýsi, sem flutt er inn til þess að bæta íslenskt útflutningslýsi, svo og af lýsi og öðrum fiskafurðum, sem keyptar eru af erlendum fiskiskipum, enda séu sönnur færðar á, að afurðir þessar verði fluttar út aftur og viðskipta- málaráðuneytið mæli með lækkun eða niðurfellingu aðflutningsgjaldanna.
- y. Að heimta ekki aðflutningsgjald af kirkjugripum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 42 16. marz 1951, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Gjört að Bessastöðum, 28. desember 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

109
28. des.

L Ö G

um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1952 leggja á tekjur ársins 1951 skattaauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.			
Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 kr., greiðast 2%.			
Af	9— 10 þús. kr. greiðist	20 kr. af	9 þús. kr. og 4 % af afgangi.
—	10— 12	60	10
—	12— 14	160	12
—	14— 17	280	14
—	17— 20	490	17
—	20— 25	730	20
—	25— 30	1180	25
—	30— 40	1680	30
—	40—100	2780	40
—	100—125	9980	100
—	125—150	12480	125
—	150—200	14230	150
—	200	16730	200

2. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer 28. des. að lögum um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

109

3. gr.

Ákvæði laga nr. 60 25. maí 1950, um sérstaka lækkun tekjuskatts af lágtekjum skulu gilda til ársloka 1952.

4. gr.

Tekjuskatt og tekjuskattsviðauka 1952 skal umreikna svo sem verið hefur samkvæmt ákvæðum a-liðs 14. gr. laga nr. 20 1942, og skal miðað við umreiknings- tölu 406.

5. gr.

Nú er skattur samkvæmt lögum þessum, tekju- og eignarskattur og stríðsgróða- skattur, eigi greiddur fyrir næstu áramót eftir að hann var á lagður, og skal þá greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 28. desember 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

110

um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.

19. des.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með sam- bykki mínu:

1. gr.

Meðan í gildi er varnarsamningur sá milli Íslands og Bandaríkjanna, sem undir- ritaður var hinn 5. maí 1951, skulu ákvæði hans og viðbætið við hann frá 8. maí 1951, um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, hafa lagagildi hér á landi. Samn- ingurinn og viðbótarákvæðin eru prentuð sem fylgiskjöl með lögum þessum.

Lög þessi öðlast þegar gildi. 2. gr.

Fylgiskjal.

Varnarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins.

Þar sem Íslendingar geta ekki sjálfir verið land sitt, en reynslan hefur sýnt, að varnarleysi lands stofnar öryggi þess sjálfs og friðsamra nággranna þess í voða, og þar sem tvísýnt er um alþjóðamál, hefur Norður-Atlantshafsbandalagið farið þess á